**148. löggjafarþing 2017–2018.**
**Þingskjal 397 — 295. mál.**

# Fyrirspurn

**til fjármála- og efnahagsráðherra um ráðningar ráðherrabílstjóra.**

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu ráðherrabílstjóra á tímabilinu 2009 til dagsins í dag og hversu margir umsækjendur af hvoru kyni voru um hverja stöðu?
2. Hvernig var hæfi umsækjenda metið og hver tók ákvörðun um ráðningu? Var tekið tillit til 26. gr. jafnréttislaga við ráðningar og til reglunnar um að ef starfsumsækjendur af gagnstæðum kynjum teljast jafnhæfir og það hallar á annað kynið á tilteknu starfssviði, þá beri að veita umsækjanda af því kyni starfið?

**Skriflegt svar óskast.**